

FORSETAÚRSKURÐUR
um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna
milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands:

1. gr.

D-liður 2. tölul. 4. gr. orðast svo: Sjónstöðina.

2. gr.

5. tölul. 7. gr. orðast svo: Fjarskipti og netöryggi, þar á meðal:

- a. Fjarskiptanet, þó ekki efni sem sent er á fjarskiptanetum.
- b. Fjarskiptaþjónustu og gagnaflutninga.
- c. Fjarskiptaöryggi.
- d. Öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða.
- e. Íslensk landshöfuðlén.
- f. Eftirlit með fjarskiptum.
- g. Rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.
- h. Ráðstafanir til hagkvæmrar uppbyggingar háhraðafjarskiptaneta.
- i. Fjarskiptastofu og málefni úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

3. gr.

Við n-lið 14. tölul. 8. gr. bætist: , þ.m.t. óperuna.

4. gr.

Við k-lið 2. tölul. 11. gr. bætist: , og netvarnir og netöryggi á sviði varnarmála.

5. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. nóvember 2025.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Kristrún Frostadóttir.